

224. fundur Umferðarráðs

224. fundur Umferðarráðs var haldinn í Borgartúni 30, fimmtudaginn 11. desember 2008 og hófst hann klukkan 14:00.

Mættir voru: Karl V. Matthíasson, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Inda Björk Alexandersdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Benedikt Eyjólfsson, Runólfur Ólafsson, Ólafur Guðmundsson, Morten Lange, Egill Bjarnason, Tryggvi Jakobsson, Hjálmar Björgvinsson, Jón Ólafsson, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir, Jón Haukur Edwald og Guðríður Ólafsdóttir. Sigurður Helgason var fundarritari.

Hlutverk Umferðarráðs til framtíðar

Greint var frá því að fyrir dyrum stæði endurskoðun umferðarlaga. Þetta væri mikil vinna og á þeirri stundu væri komið að 58. grein til að fjalla um. Gert væri ráð fyrir sér kafla þar sem fjallað yrði um stjórnýslu umferðarmála. Í 115. grein segir m.a.:

„ Ráðherra skipar umferðarráð til þriggja ára í senn. Meginhlutverk þess skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Umferðarráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.”

Að margra mati er þessi grein úrelt og þar að auki væri reglugerð um ráðið ófullburða. Rætt hefur verið um að fara út á akurinn og hafa samráð við það fólk sem starfar á þessum vettvangi. Í nýju ráði er skipaður nýr fulltrúi ráðherra og skipan að þessu sinni er ekki til þriggja ára heldur þar til ný skipan hefur verið ákveðin. Meðal annars þarf að ákveða hverjir kæmu til með að sitja í Umferðarráði, en það er tilgreint í reglugerð um starfsemi ráðsins.

Allir fulltrúar í ráðinu greindu frá sínum sjónarmiðum í þessum efnum. Það var samdóma álit þeirra að Umferðarráð væri mikilvægur samráðsvettvangur þeirra sem starfa að umferðarmálum í landinu. Sumum fannst ráðið vera bitlaust, en samt væri líklegt að það hefði umtalsverð áhrif. Þetta væri samráð grasrótarinnar og því mikilvægt að rödd hennar heyrðist og að henni yrði komið á framfæri á opinberum vettvangi. Einnig bar nýlegt umferðarþing töluvert á góma og var mikil ánægja með dagskrá þess og efni. Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:00.

Sigurður Helgason
fundarritari